

## Markmið og leiðir í efnahagsmálum

13

Öll stjórnvöld hafa ákveðin markmið í efnahagsmálum. Það merkilega er að markmið stjórnvalda í efnahagsmálum eru yfirleitt ósköp svipuð hvar svo sem þau staðsetja sig í hinu pólitísku litrófi. Auðvitað forgangraða stjórnvöld efnahagsmarkmiðunum á misjafnán hátt, t.d. eftir því hvernig efnahagsástandið er hverju sinni, hvort stutt eða langt er til kosninga, og svo auðvitað að einhverju leyti eftir því hvaða þjóðfélagshópa þau telja sig fyrst og fremst vera fulltrúa fyrir.

Það skiptir sem sé ekki alltaf meginmáli hver ríkisstjórnin er því að allar ríkisstjórnir hafa í raun sama meginmarkmið. Þær vilja allar leitast við að ná fram bættum lífskjörum þjóðarinnar – bættum hag landsins. Til að ná þessu meginmarkmiði reyna allar ríkisstjórnir eftir fremsta megni að forða landinu frá ákveðnum sjúkdómum sem herja á hagkerfið og stuðla þannig að heilbrigðu og stöðugu efnahagslifi þar sem fyrirtækir og almenningur í landinu búa við sem ákjósanlegast efnahagslegt umhverfi.

Alvarlegustu sjúkdómarnir sem herja á efnahagslifið eru atvinnuleysi, verðbólga, viðskiptahalli og stöðnun og misskipting eigna og tekna sem færir sumum þeignum þjóðfélagsins fatækta en öðrum ofgnott. Ef gengið er út frá því að allar ríkisstjórnir ætli sér að reyna að bæta lífskjör þjóðarinnar, þá munu þær trúlega allar reyna að stefna að eftirlarandi markmiðum í efnahagsmálum:

- Full atvinna
- Stöðugt verðlag
- Hallalaus viðskipti við útlönd

Nauðsynleg markmið  
í efnahagsmálum

- Aukinn hagvöxtur
- Þjóðfélagslega ásættanleg tekju- og eignaskipting

#### Full atvinnna

Full atvinnna þýðir að nánast allt tiltækt vinnuafl tekur þátt í framleiðslunni.

Pegar hagkerfið býr við atvinnuleysi er þjóðarframlleiðslan minni og lífskjörin lægri en þau getu verið þegar allar vinnufústar hender hafa verk að vinna. Atvinnuleysi dregur úr lífskjörum allra í þjóðfélaginu, ekki bara lífskjörum þeirra atvinnulausu þó að þeir og fílskyldur þeirra beri að sjálfssögðu þyngstu byrðar atvinnuleysisins.

#### Stöðugt verðlag

Verðbólga minnkar kaupmátt fólkssins ef tekjurnar hækka ekki í takt við verðbólguna. Verðbólga raskar auk þess tekju- og eignaskiptinguinni í þjóðfélaginu vegna þess að allt verðlag hækkar ekki jafnmikil að verðbólgtímum.

Ef verðbólga á Íslandi er meiri en í viðskiptalöndunum er hatt að því að innflutningur aukist og útflutningur dragist saman og viðskiptajöfnuðurinn verði þar af leiðandi óhagstæður. Mikil verðbólga dregur auk þess úr sparnaði. Ef vextir hækka vegna minna framboðs af lánsfé á verðbólgtímum gætu hærri vextir dregið úr fjárfestingum og þar með minnkað hagvöxtinn í landinu.

#### Hallalaus viðskipti við útlönd

Viðskiptahallinn veldur erlendri skuldasöfnun sem orsakar þyngri greiðslubyrði og getur leitt til óhagstæðari lánskjara okkar erlendis og lækkað gengi krónunnar. Lægra gengi krónunnar hækkar síðan verð á innflutnum vörum og orsakar þannig verðbólgu.

#### Hagvöxtur

Hagvöxtur er aukning á framleiðslu þjóðfélagsins við fulla atvinnu. Hagvöxtur er eina leiðin til að bæta lífskjör allra þjóðfélagsþegnanna án þess að skerða lífskjör einhverra annarra um leið. Að sjálfssögðu má alltaf bæta lífskjör einstakra hópa með því að hækka skatta á öðrum hópum og skerða þannig þeirra

lífskjör. En vilji menn bæta lífskjör allra verður þjóðarkakan, eða það sem er til skiptanna, að stækka. Hagvöxtur gerir einmitt þetta, hann stækkar kökuna sem er til skiptanna.

#### Ásættanleg tekju- og eignaskipting

Almenningur í landinu verður að vera sæmilega sáttur við tekju- og eignaskiptinguinni í landinu ef atvinnulifð að geta treyst á félagslegan stöðugleika. Mikill ójöfnuður í þjóðfélaginu býr þegunum haettulegt og óórugett umhverfi. Misunandi stjórnvöld hafa ólikar skoðanir á því hvað sé réttlát tekju- og eignaskipting. Sumir vilja meiri jöfnud en aðrir telja að tekjuskiptingin þarf að vera ójafnari og má fára nokkuð gild rök fyrir skoðunum beggja. Eitt er víst að óvenju jöfn tekjuskipting, eins og Norðurlandabjóðirnar búa við, er án efa ein meginástæða þess að þessi þjóðfélög búa við meira öruggi þegnanna en flest önnur.

#### Hagstjórnartæki

Til að ná ofangreindum markmiðum hafa stjórnvöld svokölluð hagstjórnartæki. Þeim er oft skipt í þrjá flokka, þ.e. peningamálartæki, fjármálartæki og beinar íhlutanir. Peningamálartækin eru undir stjórn Seðlabankans. Þau algengustu eru stýrivextir, peningamagn, bindiskyllduhlutfall og ýmis tilmáli Seðlabankans til viðskiptabankanna, svo sem útlánaþök. Fjármálartækin eru í höndum fjármálaráðherra og eru útgjöld og skattar hins opinbera. Þriðji flokkur hagstjórnartækjanna eru svokallaðar beinar íhlutanir en það eru m.a. alls konar lög sem Alþingi setur í þeim tilgangi að hafa been áhrif á efnahagslífum.

Ef öll stjórnvöld hafa sömu markmið í efnahagsmálam, af hverju eru þá stjórnmálamenn í ólikum flokkum alltaf að rifast um efnahagsmál? Einn flokkur telur umhverfisvernd skipta sköpum til að hægt að sé að bæta hagþjóðariðum í framtíðinni. Annar telur uppbyggingu atvinnulífsins í ákveðnum landsfjórðungi skipta sköpum fyrir framtíð



Beinar íhlutanir í efnahagslíf eru ákveðnar á Alþingi eða af ríkisstjórn.

Efnahagsstefna stjórnvalda er það hvernig stjórnvöld beita hagstjórnartækjum sinum til þess að reyna að ná eða nálgast yfirlyst markmið sín í efnahagsmálam.

byggðar. Sá þriðji vill auka útgjöld til heilbrigðis- og menntamála þar sem slikefjárfestingar auki aðskött vinnuafslins og hagvöxt í framtíðinni. Sá þjórdi vill lækka skatta á fyrirtæki til að koma í veg fyrir að fyrirtækin fari með atvinnustarfsemina og atvinnutækifærin út úr landinu.

Allir flokkarnir hafa nokkuð til síns málss. Þetta eru allt mikilveigar málaflokkar. Allir ætla þeir að bæta hag þjóðarinnar hver með sínum áherslum en þeir ráða markmiðunum í ólika forgangsröð. Um það er rifist því að allir telja auðvitað sínar áherslur mikilvægastar.

#### **Skynsamleg efnahagsstefna**

En er þá eitthvað til sem heitir skynsamleg efnahagsstefna? Skynsamleg efnahagsstefna er að flestra mati fólgin í því að skapa atvinnulífinu skilyrði til að framleiða sem mest innan þess ramma sem framleiðslubettir þjóðarinnar setja því á hverjum tíma. Þetta þýðir m.a. að hagkerfið þarf að vera sem næst fullri atvinnu því að annars gætu lífskjör þjóðarinnar verið betri.

En þrátt fyrir óskir okkar um bætt lífskjör sem hraðar hagvöxtur getur skilað okkur megin við aldrrei fjárfesta svo mikil fyrir erlent lánsfóð að greiðsluburyði<sup>1</sup> okkar setji eðlilegum og nauðsynlegum innflutningi okkar skordur í framtíðinni. Ef nærr allar útflutningstekjurnar eru notaðar til afborgana og vaxtagreiðslna af erlendum lánum höfum við látið eyðslugleðina hlauta með okkur í gónur.

Ríkisvaldið á ekki að safna miklum erlendum skuldum nema á miklum atvinnuleysistum eða þegar þjóðin hefur orðið fyrir alvarlegum skakkaföllum eins og hruni á verði útflutningsvara okkar, afablæsti eða náttúruhamförum.

Viðskiptaballinn endurspeglar hversu mikil þjóðin eyðir umfram það sem hún aflar. Hann endurspeglar því ákveðið ójafnvægi. Við tölum um jafnvegi í efnahagslífinu ef framleiðslan og eyðslan eru nokkurn veginn í jafnvegi og nýting framleiðsluþáttanna í hámarki. Ef eyðslan er minni en framleiðslan skapar það atvinnuleysi og samdrátt. Ef eyðslan er meiri en framleiðslan við fulla atvinnu skapar það verðbólgu og launahækkanir en framleiðslan stendur í stað.

<sup>1</sup> Greiðsluburyði er það hlutfall útflutningstekna sem fer til að greiða vexti og aðorganir af erlendum lánum.

Áður fyrr þótti stjórnvöldum sjálfsgagt að gera ráðstafanir sem miðuðu að því að draga sem mest úr innflutningi og auka útflutning. Til þess voru m.a. notaðar útflutningsbætur, niðurgreiðslur, styrkir til útflutningsgreina og alls konar hömlur sem settar voru á innflutning. Nú heyrir þetta viðast hvar sögunni til nema einna helst í landbúnaði. Þess í stað einbeita stjórnvöld sér að því að skapa gott rekstrarumhverfi fyrir atvinnulífið svo að innlend fyrirtæki búa við sambærileg skil-yrði og fyrirtæki í öðrum löndum.

Öll stjórnvöld setja sér markmið í efnahagsmálum. Þessi markmið koma fram í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Efnahagsstefna stjórnvalda kemur fram í því á hvern hátt stjórnvöld beita hagstjórnartækjum sínum til að ná þeim markmiðum sem þau hafa sett sér. Sém dæmi má taka að yfirlyst verðbólgu markmið ríkisstjórnarinnar er 2,5%. Eitt af hlutverkum Seðlabankans er að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar í peningamálu og beitir hann aðallega vaxtabreytingum til að reyna að halda verðbólgunni sem næst 2,5% markmiðinu. Hagfræðikenningar eru tilraunir hagfræðingar til að útskýra ákveðin efnahagsleg fyrirbæri og árangursríkar hagfræðikenningar gera okkur kleift að spá fyrir um afleiðingar ákveðinna atburða eða ráðstafana í efnahagsmálum. Hagrannsóknir eru rannsóknir hagfræðinga á sambandi hinna ýmis efnahágsslæða og eru grundvöllur þekkingar okkar á hagkerfinu og auðveldala okkur m.a. markvissa hagstjórn. Vitað er að vaxtabreytingar Seðlabankans hafa áhrif á vexti viðskiptabankanna, gengi krónunnar, neyslu, fjárfestingar og ventingar fólkus um verðbólgu, bessir þættir hafa síðan áhrif á verðlagið og framleiðsluna í landinu nokkuð löngu síðar. Vitneskjan um eðli þessara tengsla, t.d tengsla vaxta, verðlags og gengis er árangur hagrannsókna hér á landi og erlendis.

Hvernig tengjast efnahagsstefna stjórnvada, markmið þeira í efnahagsmálum, hagstjórnartæki, hagfræðikenningar og hagrannsóknir?

**Verkefni**

- 1** Hver eru fimm helstu markmið stjórnvalda í efnahagsmálum og hvers vegna eru þau mikilvæg?
- 2** Hverjir eru helstu flokkar hagstjórnartækja og hverjir ráða yfir þessum tækjum?
- 3** Hver eru helstu hagstjórnartæki i hverjum flokki?
- 4** Hvernig kemur rauveruleg efnahagsstefna stjórnvalda fram?
- 5** Hvaða tengsl eru milli efnahagsstefnu stjórnvalda, markmiða stjórnvalda í efnahagsmálum, hagstjórnartækja og hagfræðikenningu og hagrannssóknar? Taktu dæmi um þessi tengsl með því að skoða eitt ákvæðið markmið.

**Þjóðarframleiðslan og landsframleiðslan****14**

**Þjóðarframleiðslan er skilgreind sem verðmæti allrar þeirrar framleiðslu<sup>1</sup> sem fyrirtæki og stofnanir í eigu Íslendinga framleiða á einu ári, hvort sem þessi framleiðsla fer fram hér á landi eða erlendis.**

Í þjóðarframleiðslunni eru því ekki talin með þau verðmæti sem framleidd eru í fyrirtækjum í eigu erlendra aðila hér á landi. Sem dæmi má taka að framleiðsluverðmæti álvarsins í Straumsvík, sem er eingöngu í eigu erlendra aðila, er ekki talið með í þjóðarframleiðslunni þó að þar vinni nær eingöngu Íslendingar. Framleiðsluverðmæti fyrirtækja sem Íslendingar eiga, hvort sem þau eru staðsett í Bandaríkjunum eða Búlgari, er aftur á móti talið með í þjóðarframleiðslunni þó að nær eingöngu erlent vinnafla starfi við framleiðsluna. **Það er eignarhaldid á fyrirtækjumnum eða stofnunum sem ræður því hvort framleiðsluverðmæti þeirra telst hluti af þjóðarframleiðslunni eða ekki.**

Landsframleiðslan er verðmæti alls þess sem framleitt er á Íslandi, hvort sem fyrirtækin eru í eigu Íslendinga eða erlendra aðila. Landsframleiðslan er einfaldlega allt það verðmæti sem framleitt er hér á landi. Hér er það staðsetning fyrirtækja og stofnana sem ákveður hvort framleiðsluverðmæti þeirra telst til landsframleiðslunar eða ekki.

Landsframleiðslan er ákvörðuð af þeim stað þar sem framleiðslan fer fram en þjóðarframleiðslan ákvárdast af eignaraðild íslenskra þegna að fyrirtækinu sem framleidiðir vörurna eða þjónustuna, hvar í heiminum sem þau eru staðsett.

<sup>1</sup> Þessi framleiðsla er annaðhvort vara eða þjónusta.

**Þjóðarframleiðslan**  
- eignarhald á framleiðslu

**Landsframleiðslan**  
- staðsetningin ákvárdar